

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla fimmtudaginn 7. nóvember kl. 8:00

Mætir á fundinn: Svanborg Ísberg og Ásta Mikkaelsdóttir fulltrúar kennara, Guðrún Lilja Ingvarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Nökkvi Gunnarsson og Elín Ósk Ásbjörnsdóttir fulltrúar nemenda, Jóhannes Larsen og Pálmi Gunnarsson fulltrúar foreldra, Sólveig Helga Jóhannsdóttir grenndarfulltrúi, Guðmundur Ásmundsson skólastjóri og Guðný Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Halldór Hlöðversson forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sat fundinn meðan rætt var um fyrsta mál fundarins.

Allir kynntu sig.

Á dagskrá:

Nemendur og skólastarfið

Húsnæðismál

Les ferill - niðurstöður í september.

Samræmd próf - niðurstöður fyrir 4. og 7. bekk

Farið yfir félagslífið.

Nýlega búið að setja upp dagskrá fyrir nóvember og desember.

40 - 50 manns sem mæta í félagsmiðstöðina á opnanir.

Byrja um svipað leiti og skólinn.

Félagsmiðstöðvar í Kópavogi setja upp ýmsar keppnir á milli stöðva en áherslan er á að allir séu með.

Starfið er skilgreint á þremur stigum. Hér í félagsmiðstöðinni, Allar stöðvarnar saman, síðan er þriðja stigið á landsvísu. Kjarninn á tvo viðburði á landsvísu einn fyrir nemendur og einn fyrir starfsmenn.

Ríma flæði er 20 ára 10 % nemenda fara frá okkur á viðburðinn.

Landsmót Samfés þangað fóru 5 fulltrúar frá okkur í byrjun október.

Nökkvi segir frá þeirri helgi þar sem hann fór. Nökkva fannst þetta mjög skemmtilegt og kósý.

Dóri talar um hvað við séum stolt af nemendaráði okkar, erum með jafnt kynjahlutfall. Þar upplýsa þau hvert annað um það sem er í gangi. Allir árgangar virkir.

Nökkvi vill ræða um hvað stólarnir séu lélegir (8. Bekk finnst það mjög vondir stólar) og og nemendur í 10. Bekk eru að velta því fyrir sér að fá að hafa sölu annan hvern föstudag fyrir fjáröflun.

Félagsmiðstöðin tók þátt í Halloween með foreldrafélaginu. Voru með miðstigsball. GETKO spurningakeppnin var í þeirri viku svo erfitt var að setja upp ball en nemendur setu upp draugagang.

Ekki fyrir svo mörgum árum var sameiginlegt ball fyrir alla unglinga í Kópavogi og var þá mikil virkni en hefur ekki verið í nokkur ár. Fjölmennasta unglinga ball sem hefur verið haldi í Kópavogi eru 800 nemendur nú í haust á íþrótta degi.

Nökkvi talar um að allt sem hefur verið gert í vetur hafi gengið vel. Það eru 4 böll sameiginleg á ári en það eru ca. 3 böll sem nemendur hafa áhuga á. Íþrótta ball, raf og vörballið. Ekki mikil stemminguna fyrir 80 balli.

Dóri talar um að þetta fari vel af stað. Bæjastjórn búin að ákveða það að minnstu félag stöðvarnar fái meiri starfshlutfall á dag opnanir. Einnig verði sumar opnanir í félagsmiðstöðvum. 100% starfsmaður.

Dóra finnst gott að vera starfsmaður skólans.

Dóra hrósað fyrir gott félagsstarf í skólanum.

Ásta spyr um starf fyrir yngri nemendur.

Dóri svara að við séum að þróa og vinna í miðstigsvinnu. Von á breytingum þar. Kópavogbær hefur verið aðeins seinni í þeirri vinnu en önnur sveitafélög.

Skólastarf almennt.

Guðmundur talar um fjölgreindaleika síðustu tvö daga.

Nökkvi talar um að þetta sé ógeðsleg skemmtilegt en fáránlega erfitt. Gaman að brjóta upp skóladaginn.

Á morgun er vináttudagur, gengið gegn einelti. Farið yfir dagskránnu.

Skólastarfið hefðbundið að mestu en reynum að brjóta það upp með ýmsum hætti.

Talað er um að lengra vetrarfrí. Kom vel út bæði hjá nemendum, foreldrum og foreldrum.

Svanborg ræðir um að kennarar starfið hafi þyngst frá því hún byrjaði að kenna. Mæti taka út störf sem aðrir gætu sinnt.

Ástu finnst mikil breyting frá 2005 varðandi störf kennara. Miklu þyngra og fleiri þættir sem þarf að horfa til.

Guðmundur talar um að nemendur eru okkar stóra mál. Krafa til skólans er að aukast varðandi fjölbreyttari nemendahópa.

Nökkvi talar um að það sé gott að þurfa að vinna saman og kenna hvert öðru. Það er fáránlega óþægilegt að fá einkunn í A, B, C.

Guðmundur talar um heimsókn starfsfólksins til Póllands. Þar er ekki verið að kenna list- og verkgreinar markvisst. Bekkjar kennarar eru að kenna hálfgerð föndur í bekkjastofum. Tækniþekking og tækni mál langt á eftir okkur.

Umræða um hvað á að gera með alla þessa innganga (horft út frá öryggi barnanna).

Jóhannes ræðir um að foreldrar þekki ekki kennarana sem kenna börnunum.

Ásta ræðir um að mikilvægt sé að merkja kennara.

Húsnæðismálin.

Guðmundur ræðir um að við fáum arkitekt til að taka út húsnæði skólans til að meta þörfina. Við höfum óskað eftir því að fá tvær lausar stofur. Þegar við fengum tvö hús í sumar þá var frestað að laga suðurhlíð en það verður gert næsta sumar. Frístund nýtir stofurnar eftir hádegi.

Jóhannes talar jákvætt með það sem unnið er jafnt og þétt.

Svanborg talar um að nauðsynlegt sé að laga líka gömlu stofurnar.

Talað um stofurnar í suður. Jóhannes bendir á filmur.

Lesferill.

Guðmundur kynnir hann. Hann er lagður fyrir alla nemendur þrisvar á ári. Skoðum september þ.e. hvernig árgang koma út miða við landsvísu. Þetta er skoðað með kennurum í hverjum árgangi og sérkennara. Með lesferil er gott að fylgjast með framvindu nemenda í lestri.

Sólveig spyr um bækur á bókasafni. Guðmundur sagði frá því að fjármagn til bókakaupa hafi verið aukið mikið. Einnig keyptum við ca. 50 pólskar bækur í Póllandi.

Samræmdu prófin.

Guðmundur fer yfir niðurstöður samræmdu prófa í 4. og 7. bekk. (sjá glærur).

Jóhannes talar um að að það þurfi að tala um við kennarar um að öll próf skipta máli.

Ásta útskýrir aðeins hvernig hennar undirbúningur var fyrir prófið.

Það vantar æfinga verkefni fyrir prófin.

Guðmundur talar um að það sé í umræðunni að hafa samræmdu prófin eins og lesferilinn.

Rætt um hvort hægt væri að lengja vetrarleyfi skólana svo það næði heilli viku. Skólastjóri skoðar það með starfsfólki og menntayfirvöldum.

Eitt smáatriði kemur frá foreldrum að þeir sakna frammistöðumats fyrir foreldra viðtölum það þarf að skoða fyrir næsta foreldraviðtal í febrúar.

Kannski væri gott að fá senda umræðu punkta til foreldra til að ræða við börnin sín áður en þau koma í viðtölin.